



### Fundargerð

Fimmtudaginn 7. maí 2009 var haldinn fundur í stjórn Félags- og skólaþjónustu A-Hún kl. 15.00 á skrifstofu sveitarfélagsins Skagastrandar.

Á fundinn voru mætt: Björn Magnússon, Héðinn Sigurðsson, Rafn Sigurbjörnsson, Auður H. Sigurðardóttir og Magnús B. Jónsson.

Formaður stjórnar, Björn Magnússon setti fundinn og stjórnaði honum.

#### 1. Starfsmannahald

Félagsmálastjóri lagði fyrir fundinn umsóknir þriggja umsækjenda um starf ráðgjafa í málefnum fatlaðra. Félagsmálastjóri hafði tekið viðtöl og kannað bakgrunn og meðmælendur með umsækjendum. Tillaga félagsmálastjóra var að Guðrún Þorvaldsdóttir sem er Bs.c. í iðjuþjálfun verði ráðin í starfið. Félagsmálastjóri fór yfir möguleika á að koma á þjónustu í hluta starfi, sjálfstætt starfandi iðjuþjálfar sem veitti þjónustu í samstarfi við Tryggingastofnun og heilbrigðisstofnun. Takist það ekki verði að skoða möguleika á auknu starfshlutfalli og m.a. kanna möguleika á að SSNV greiði aukið stafshlutfall vegna ráðgjafa hjálpartækja til iðjuþjálfunar.

Samþykkt að ráða Guðrúnu Þorvaldsdóttur í starfið og jafnframt að félagsmálastjóri leiti leiða, í samstarfi við Guðrúnu, að koma á fót þjónustu iðjuþjálfar.

#### 2. Önnur mál

Umræður urðu um málefni og rekstur félagsþjónustunnar. Bæði hina almennu félagsþjónustu og eignaumsýslu sem heyrir undir félagsþjónustuna.

Umræður urðu um endurnýjun bifreiðar fyrir íbúa sambýlis og ákveðið að félagsmálastjóri taki saman forsendur og skrifi bréf til sveitarfélaga og félagsamtaka þar sem leitað verði eftir stuðningi við málið.

Fleira ekki tekið fyrir, fundi slitið kl 16.10

Héðinn Sigurðsson,

Auður Sigurðardóttir

Rafn Sigurbjörnsson,

Björn Magnússon

Magnús B. Jónsson